

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2011****2011/EES/37/40****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1090/2010 frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun 2009/42/EB um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2010 frá 1. desember 2010 þar sem settar eru nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar lágmarksstaðla fyrir vægi liða í samræmdri vísitölu neysluverðs og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) 1114/2010 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. janúar 2012.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB):

„– **32010 R 1090**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1090/2010 frá 24. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 325, 9.12.2010, bls. 1).“

2. Texti liðar 19f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97) hljóði svo frá 1. janúar 2012 að telja:

„**32010 R 1114**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2010 frá 1. desember 2010 þar sem settar eru nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar lágmarksstaðla fyrir vægi liða í samræmdri vísitölu neysluverðs og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 (Stjtið. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1090/2010 og 1114/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 9.12.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.